

ENDURREISN ÓLAFSDALS - ÓLAFSDALSHÁTÍÐ 2022



Sveitarfélagið Dalabyggð

c/o Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Miðbraut 11, 370 Búðardal

17. nóvember 2021

Ólafsdalsfélagið var stofnað í júní 2007 og verður því 15 ára á næsta ári. Í því eru nú yfir 300 félagsmenn. Félagið hefur frá þeim tíma unnið að endurreisn Ólafsdals við Gilsfjörð sem er einn merkasti menningarminjastaður í Dölum og við Breiðafjörð. Félagið aflaði þannig um 68 milljóna króna á árunum 2008-2021 til að vinna að endurreisn Ólafsdals og til reksturs staðarins. Félagið hefur auk þess lagt fram sjálfböðavinnu sem meta má á 30-32 milljónir.

Vinna og framlög félagsins skiluðu því að gengið var frá samningi við Minjavernd og fjármálaráðuneytið í ágúst 2015 um mikla uppbyggingu í Ólafsdal sem vænst er að ljúki á næstu 4-5 og að rekstur í fimm húsum hefjist sumarið 2024. Er sú uppbygging metin á allt að einum milljarði króna og mun verða mikil lyftistöng fyrir Dalabyggð og nágrenni.

Deiliskipulagi Minjaverndar fyrir framkvæmdsvæðið og vandaðri fornleifaskráningu á deiliskipulagssvæðinu lauk árið 2017. Komu þá m.a. í ljós fornar rústir innar í Ólafsdal. Stærsta byggingin, 140 m² landnámsskáli, er frá 9.-10. öld. Yfir 1000 ára saga Ólafsdals var þar með staðfest. Hefur Fornleifastofn Íslands nú rannsakað þær í fjögur sumur og stefnt er að rannsóknum áfram 2022. Árið 2019 lauk Minjavernd við að reisa mjólkurhúsið í Ólafsdal (frá 1890), fjósið árið 2020 (frá 1898) og Smiðjuna ásamt nýju þjónustuhúsi árið 2021. Þá hefur með borunum fundist heitt vatn í Ólafsdal sem mun verða reksti staðarins mjög heilladrjúgtt. Jafnframt hefur fengist um 47 milljóna kr styrkur úr innviðasjóði til uppbyggingar innviða í Ólafsdal árið 2022 og 2023 (bílastæði, palla- og stígagerð, fræðslustígur o.fl.).

Ólafsdalsfélagið mun samkvæmt samningi áfram gegna lykilhlutverki við að miðla sögu og menningu staðarins. Jafnframt mun félagið sjá um rekstur og fræðslu í Ólafsdal sumarið 2022 eins og það hefur gert öll sumur 2008-2021, standa að Ólafsdalshátíð í ágúst 2022 og almennri kynningu á staðnum. Metaðsókn var að Ólafsdal á opnunartíma sumarið 2021 þannig að tvo starfsmenn þurfti til að sinna gestunum. Margir lögðu leið sína að minjarsvæðinu og meðaldvöl gesta var um 90 mínútur. Enn má búast við verulegri fjölgun gesta árið 2022 í ljósi aukinnar fjölmiðlaumfjöllunar um staðinn og minnkandi áhrifa af Covid.

Áætlun um helstu verkefni Ólafsdalsfélagsins árið 2022 og kostnað við þau:

- | | |
|--|--------------|
| • Sumarrekstur í Ólafsdal 2022 | 2.200.000 kr |
| • Ólafsdalshátíð 2022 | 2.300.000 kr |
| • Skráning muna, viðburðir og fræðsla. | 1.000.000 kr |

Ólafsdalsfélagið sækir því um 1.500.000 kr styrk frá Dalabyggð til verkefna á árinu 2022.

F.h. stjórnar. Virðingarfyllst,

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður.

s. 693 2915